

## REGLUGERÐ

### um friðun rannsóknasvæðis á hrygningartíma steinbíts.

1. gr.

Frá og með 15. september til og með 15. nóvember eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látra-grunni sem markast af línunum sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 65°25,34'N - 26°26,94'V
2. 65°25,34'N - 26°24,53'V
3. 65°17,00'N - 26°24,53'V
4. 65°17,00'N - 26°26,94'V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. september 2012.*

F. h. r.

**Ingvi Már Pálsson.**

*Kristján Freyr Helgason.*